

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulaginu Garðahraun sem samþykkt var í bæjarstjórn 15. maí 2003. Breytingin varðar lóðina Dalprýði 6-8 og felst í færslu bílastæðis þannig að bílastæði hússins númer 6 færist að bílastæði hússins númer 8 miðað við gildandi deiliskipulag. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 21. júní 2007.

Bæjarstjórn tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna breytinganna.

Breytingar þessar taka hér með gildi.

Garðabæ, 16. ágúst 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar.

B-deild – Útgáfud.: 16. ágúst 2007